



Byggðastofnun
Próunarsvið

Alþingi
Erindi nr. P 133/789
komudagur 5.2.2007

Dagsetning 2. febrúar 2007

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Samgöngunefnd Alþingis hefur óskað eftir umsögn Byggðastofnunar um frumvarp til hafnalaga 366. mál, gjaldskrár, neyðarhafnir, EES-reglur o.fl.

Hlutverk Byggðastofnunar er að vinna að eflingu byggðar og atvinnulífs á landsbyggðinni og miðast eftirfarandi umsögn við áhrif frumvarpsins á þá þætti. Ekki hefur verið fjallað um umsögnina í stjórn stofnunarinnar.

Stofnunin gerir ekki athugasemdir við þær lagabreytingar sem frumvarpið felur í sér.

Virðingarfyllst

Guðmundur Guðmundsson
Sérfræðingur á próunarsviði
Byggðastofnunar.

Reykjavík, 6. febrúar 2007

Nefndarsvið Alþingis
Samgöngunefnd
Margrét María Grétarsdóttir
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á hafnalögum nr. 61/2003.

Með bréfi dagsettu 17. janúar 2007 fékk Eimskipafélag Íslands ehf. (Eimskip) sent til umsagnar frumvarp til hafnalaga, 366. mál, gjaldskrár, neyðarhafnir, EES-reglur ofl. Félagið hefur falið undirrituðum að svara bréfinu.

Fyrir hönd Eimskips vil ég benda á eftirfarandi vegna 17. gr. frumvarpsins:

Í núgildandi hafnalögum og nefndu frumvarpi er ekki að finna ákvæði um hver sé skuldari þeirra gjalda sem talin eru upp í 17. gr.

Í gjaldskrá nr. 398/2003 sem samgönguráðherra gaf út til 12 mánaða á grundvelli grein I í ákvæðum til bráðabirgða með hafnalögum, sem tók gildi 1. júlí 2003, er að finna eftirfarandi um innheimtu og greiðslu hafnargjalda (undirstrikanir frá undirrituðum):

III. KAFLI

Um innheimtu og greiðslu hafnargjalda.

15. gr.

Hafnarstjóri sér um innheimtu allra hafnargjalda og skal greiða gjöldin á skrifstofu hafnarinnar. Séu gjöldin ekki greidd á réttum gjalddögum er heimilt að reikna hæstu lögleyfðu dráttarvexti á skuldina.

16. gr.

Skipstjóri og eigandi skips bera ábyrgð á greiðslu gjalda þeirra sem greiða ber til hafnarinnar vegna skipsins. Er skipstjóra skylt að afhenda hafnarstjóra þjóðernis og skrásetningarskirteini skipsins, ef hafnarstjóri krefst þess, og hefur hafnarsjóður haldsrétt yfir skirteinunum uns gjöld eru greidd. Töf og tjón sem af þessu hlýst er einvörðungu á ábyrgð og kostnað greiðanda skipagjaldsins. Að svo miklu leyti sem í reglugerð þessari eru ekki ákveðin fastir gjalddagar á gjöldum skal greiða þau áður en skip fer burt úr höfninni og enginn skipstjóri getur vænst þess að fá afgreiðslu fyrir skip sitt hjá sýslumanni eða tollstjóra, nema hann sanni með vottorði frá hafnarstjóra að hann hafi greitt öll gjöld sín til hafnarinnar.

17. gr.

Vörugjald greiðir móttakandi af vörum sem koma til hafnarinnar og sendandi af vörum sem fluttar eru úr höfninni. Ef margir eiga vörur sem fluttar eru með sama skipi skal afgreiðslumaður skipsins standa hafnarsjóði skil á greiðslum. Ef skip hefur ekki farm sinn skráðan ber skipstjóri ábyrgð á greiðslu vörugjaldsins. Ef vörur eru fluttar úr einu skipi í annað greiðir sá vörugjaldið sem affermir. Vörugjald af vörum sem koma til hafnarinnar fellur í gjalddaga þegar skipið sem vörurnar flytur er komið í höfnina og vörugjald af vörum sem fluttar eru úr höfninni fellur í gjalddaga þegar vörurnar eru komnar á skip. Skipstjóra og afgreiðslumanni skips er óheimilt að afhenda vörurnar fyrir en gjaldið er greitt. Hafnarsjóður hefur haldsrétt í skráningar- og þjóðernisskirteinum skips til tryggingar gjaldinu. Aflagjald og vörugjald af útflutningi skal auk þess tryggt með veði í útflutningsbirgðum þess aðila er skuldar gjöldin.

Eigendur

Arni Viihjálmsson hrl. • Bjarnfreður Ólafsson hdl. • Einar Baldvin Axelsson hrl. • Erlendur Gíslason hrl. • Guðmundur J. Oddsson hdl. • Gunnar Sturluson hrl., framkvæmdastjóri
Hákon Árnason hrl. • Helga Melkorka Óttarsdóttir hdl. • Hjördís Halldórsdóttir hdl. • Othar Örn Petersen hrl. • Ólafur Arinbjörn Sigurðsson hdl
Pétur Guðmundarson hrl. • Ragnar Tómas Árnason hdl.
Jakob R. Möller hrl. ráðgefandi

LOGOS

Samkvæmt þessu er skip skuldari gjalda sem ber að greiða vegna skipsins, eins og t.d. skipagjalda og hafnsögugjalda, en móttakandi og sendandi vöru skuldarar vörugjalda, eftir því sem við á. Afgreiðslumaður skips skal hins vegar sjá um innheimtu og skil á vörugjöldum til hafnarsjóðs ef margir eiga vörur sem fluttar eru með sama skipi, en það á við um t.d. Eimskip og Samskip. Hins vegar er ekki gert ráð fyrir að skipafélögin séu skuldari gjaldanna, heldur aðeins innheimtumenn þeirra.

Þessi gjaldskrá féll úr gildi 1. júlí 2004 miðað við bráðabirgðaákvæði hafnalaga. Í kjölfarið settu hafnir sér gjaldskrár.

Hvað Reykjavíkurbær varðar er í dag í gildi gjaldskrá fyrir Faxaflóahafnir, sem tók gildi 1. janúar 2007. Þar er að finna eftirfarandi um innheimtu og greiðslu hafnargjalda (undirstrikanir frá undirrituðum):

21. gr.

Skipstjóri, eigandi og umráðamaður skips bera ábyrgð á greiðslu gjalda þeirra sem greiða ber til Faxaflóahafna sf vegna skipsins. Er skipstjóra skylt við komu til hafnar að gefa hafnarstjóra upplýsingar um skipið í samræmi við ákvæði 5. mgr. 33. gr. reglugerðar nr.326/2004 um hafnamál og afhenda hafnarstjóra þjóðernis- og skrásetningarskírteini skipsins, ef hafnarstjóri krefst þess, vegna ófullnægjandi upplýsinga frá skipstjóra og hefur hafnarsjóður haldsrétt yfir skírteinum uns gjöld eru greidd. Töf og tjón sem af þessu hlýst er einvörðungu á ábyrgð og kostnað greiðanda áfallinna gjalda. Áfallin gjöld skal greiða áður en skip fer burt úr höfn og enginn skipstjóri getur vænst þess að fá afgreiðslu fyrir skip sitt hjá sýslumanni eða tollstjóra, nema að hann sanni með vottorði frá hafnarstjóra að hann hafi greitt öll gjöld sín til hafnarinnar.

22. gr.

Vörugjald greiðist af öllum vörum sem eru affermdar, afhentar eða fluttar, eða á annan hátt sjóleiðis eða landleiðina, inn fyrir mörk hafnanna. Vörugjaldið reiknast skipi til skuldar áður sem skip hefur siglingu, nema annað sé sérstaklega um samið. Vörugjald er á ábyrgð farmflytjanda og er afhending vöru án greiðslu vörugjalds á hans ábyrgð. Ef vörur eru fluttar úr einu skipi í annað greiðir sá vörugjaldið sem affermir. Vörugjald af vörum sem koma til hafnarinnar fellur í gjalddaga þegar skipið sem vörurnar flytur er komið í höfnina og vörugjald af vörum sem fluttar eru úr höfninni fellur í gjalddaga þegar vörurnar eru komnar í skip. Skipstjóra og afgreiðslumanni skips er óheimilt að afhenda vörurnar fyrr en gjaldið er greitt.

Miðað við þetta virðist vera að Faxaflóahafnir hafa gert þá breytingu á greiðslu vörugjalda, að í stað þess að sendandi og móttakandi séu skuldarar þeirra og farmflytjandi innheimtumaður er það viðkomandi skip og farmflytjandi sem nú er skuldari gjaldanna.

Sömu ákvæði var að finna í gjaldskrá Hafnarfjarðarhafnar fyrir árið 2006. Ekki hafa verið skoðaðar aðrar gjaldskrár.

Ekki er annað að sjá en að þetta sé í ósamræmi við ákvörðun ráðherra, sem fram kemur í upphaflegri gjaldskrá. Af þeim sökum teljum við rétt að benda á þetta og óska eftir því að lögfest verði í hafnalögum hver sé skuldari viðkomandi gjalda svo þetta mikilvæga atriði fari ekki á milli mála.

Við leggjum til að við 1. tl. 1. mgr. 17. gr. laganna bætist eftirfarandi málsgrein:

Skipstjóri, útgerðarmaður og eigandi skips ber að greiða til hafnar gjöld samkvæmt liðum a, c og d en móttakandi vöru sem kemur til hafnar gjöld samkvæmt lið b og sendandi vöru sem flutt er úr höfn gjöld samkvæmt lið b. Ef margir eiga vörur sem fluttar eru með sama skipi skal farmflytjandi

LOGOS

sjá um innheimtu á gjöldum samkvæmt lið b hjá sendanda og móttakanda, eftir því sem við á, og standa höfn skil á þeim.


Á sama hátt verði bætt við 2.-9. tölulið hvaða aðili/aðilar skuli greiða viðkomandi gjöld til hafnar og hver skuli sjá um innheimtu á þeim, ef við á.

Í dag berast mánaðarlega reikningar frá höfnum til skipafélaganna fyrir vörugjöldum, sem byggjast á farmskrám sem skipafélögin senda viðkomandi hafnarskrifstofum. Þessir reikningar eru greiddir mánaðarlega. Með því gera skipafélögin upp öll vörugjöld strax án tillits til þess hvort vöurnar hafi verið afhentar eða ekki. Vörugjöldin eru síðan innheimt eða endurkrafin hjá viðkomandi farmeigendum um leið og farmgjöld og aðrar kröfur sem hvíla á vörunni. Þannig getur liðið nokkur tími frá því skipafélögin greiða vörugjöld til hafna og þangað til þau fá þau greidd frá farmeigendum. Þessi umsýsla hefur kostnað í för með sér fyrir skipafélögin, sem óeðlilegt er að þau beri. Af þeim sökum er lagt til að eftirfarandi breyting verði gerð á 11. tl. 1. mgr. 17. gr.:

Umsýslugjald til þess að standa straum af kostnaði vegna umsýslu og yfirstjórnar, t.d. launa og skrifstofukostnaði. Þegar farmflytjendur eða aðrir sjá um innheimtu á framangreindum gjöldum fyrir hafnir er þeim heimilt að reikna sérstakt umsýslugjald til þess að standa straum af kostnaði við innheimtu og skil á þeim til hafna. Heimilt er að láta umsýslugjald samkvæmt þessum tölulið vera innifalið í gjaldtöku skv. 1.-10. tölul. með sérstöku álagi á viðkomandi gjald.

Aðrar athugasemdir hefur Eimskip ekki við þetta frumvarp.

Virðingarfyllst,
f.h. Eimskipafélags Íslands ehf.



Einar Baldvin Axelsson, hrl.



Alþingi
Kirkjustræti
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. P 133/767
komudagur 1.2.2007


Reykjavík, 30.01.2007
Tilv. 20.12
GG/rj

Efni: Umsögn um frumvarp til breytinga á hafnalögum.

Vísað er til erindis samgöngunefndar Alþingis, dags. 17. janúar s.l. varðandi ofangreint. Stjórn Faxafloahafna sf. telur fyrirbyggjandi frumvarp nauðsynlega úrbót á hafnalögum sem samþykkt voru árið 2003. Við meðferð frumvarpsins þá var gerður fyrirvari við framsetningu 17. greinar um heimildir hafna til innheimtu gjalda. Fyrirliggjandi frumvarp bætir verulega úr og er brýnt að sú breyting komist til framkvæmda.

Stjórn Faxafloahafna sf. er sátt við þá viðbót sem kemur fram í 4. grein frumvarpsins og fjallar um 1. málsl. 2. málsgr. 20. greinar, að heimilt sé að taka tillit til arðsemi á endurmetnu eigin fé. Í greinargerð er vísað til þess að átt sé við að arðsemiskrafa sé miðuð við meðaltal arðsemiskrafna lífeyrissjóða í landinu, nú 3,5%. Stjórn Faxafloahafna sf. telur þessa skýringu greinargerðarinnar of þrönga þar sem eðlilegt sé að ávöxtun á fjárfestingum í hafnarmannvirkjum eigi að taka mið af almennum fjárfestingum. Því er stjórn Faxafloahafna sammála breytingartillögu lagafrumvarpsins varðandi þetta efni en gerir skýran fyrirvara um túlkun þess í greinargerð.

Þá vill stjórn Faxafloahafna sf. koma þeirri tillögu á framfæri við samgöngunefnd Alþingis að í 21. grein hafnalaga verð skotið inn litlu ákvæði um að höfnum sé heimilt að óska eftir nauðungarsölu skips vegna vanskila á skipagjöldum án undanfarandi dóms, sáttar eða lögtaks. Í 21. grein hafnalaga eru skipagjöld tryggð með lögveðsrétti en uppboðsheimildina vantar. Rökin fyrir því ákvæði eru að höfnum hefur víða gengið erfiðlega að hefja innheimtuaðgerðir gagnvart óreiðuskipum og bátum sem ýmist eru án skráningar eða skráð erlendis. Erfitt hefur reynst að birta fyrir meintum eigendum nauðsynleg skjöl til að hefja innheimtuaðgerðir, en á meðan liggja óreiðuskipin í höfnum án þess að af þeim sé greitt. Bein uppboðsheimild myndi auðvelda höfnum að hefja innheimtu- og uppboðsferil skipa sem misnota aðstöðu í höfnum með þessum hætti og gefa hafnarstjórnnum betra færi á að koma bátum og skipum til förgunar sem annars eru almennur umhverfissóðaskapur auk þess að geta skapað raunverulega hætti í höfnum. Með vísan til framangreinds er því lagt til að í 21. grein hafnalaga bætist eftirfarandi ákvæði: "Heimilt er að krefjast nauðungarsölu á skipum vegna vangreiddra skipagjalda án undangengis dóms, sáttar eða fjárnáms." Umrætt ákvæði er að mati stjórnar Faxafloahafna sf. mikilvæg viðbót við hafnalög.

Virðingarfyllt,

Gísli Gíslason, hafnarstjóri.



Félag skipstjórnarmanna

Alþingi
Erindi nr. P 133/759
komudagur 31.1.2007

Nefndasvið Alþingis
Samgöngunefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík


Reykjavík 30.janúar 2007.

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á hafnalögum, nr. 61/2003.

Farmanna- og fiskimannasamband Íslands og Félag skipstjórnarmanna, hafa upplýsingar um að lagabreytingin feli fyrst og fremst í sér breytingar til einföldunar og hagræðingar fyrir þá sem framkvæmd laganna hvílir á.

Samtök skipstjórnarmanna gera því ekki athugasemdir við frumvarpið.

Virðingafyllt
Farmanna- og fiskimannasamband Íslands
Félag skipstjórnarmanna


Guðjón Ármann Einarsson

Alþingi
Ráðgjafi nr. P 133/771
Rómudagur 2.2.2007



VM
Félag vélstjóra
og málmæknimanna

Netndasvið Alþingis,
Samgöngunefnd,
Þórshamri v/Templarasund,
150 Reykjavík.

Reykjavík 31. janúar 2007

Borgartúni 18

105 Reykjavík

sími: 575 9800

fax: 575 9809

vm@vm.is

www.vm.is

Kt. 530169-5299

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingar á hafnarlögum, nr. 61/2003, mál 366.


Frumvarpið er tvíþætt, það fjallar annarsvegar um breytt gjaldskrárákvæði og hinsvegar um breytt ákvæði um neyðarhafnir sem er nýmæli í hafnarlögum.

Ákvæðið er tilkomið vegna tilskipunar Evrópuþingsins og -ráðsins 2002/59/EB frá 27. júní 2002. Með tilskipuninni er verið að tryggja að skip sem lenda í hafsnaud af einhverju tagi geti með skömmum fyrirvara leitað skjóls í ákveðnum höfnum þar sem þau eiga kost á aðstoð og þjónustu við hæfi hverju sinni.

VM telur að með tilkomu þessa ákvæðis í hafnarlögin sé verið að auka og bæta öryggi sjófarenda og styður því breytinguna.

Virðingarfyllst,

Eh. VM – Félag vélstjóra og málmæknimanna


Helgi Laxdal, formaður VM

Alþingi
Erindi nr. P 133/880
komudagur 12.2.2007

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík

31. janúar 2007

Umsögn Hafnarfjarðarhafnar um frumvarp til laga um breytingu á hafnalögum nr. 61/2003.

1. gr. Ekki athugasemdir.
2. gr. Ekki athugasemdir.
3. gr.
 - a) Almennt er greinin of nákvæm og þröng í skilgreiningum á því hvaða tekjustofna höfnum er heimilt að nota. Þessar þröngu skilgreiningar hefta nýsköpun og hugmyndaauðgi hafnarstjórnenda og seinka allri rekstrarþróun hjá höfnunum. Nægir að minna á að 10 til 15 árum eftir að farþegaflutningar um hafnir hófust varð heimilt að rukka farþegagjald. Þjónustugjöld ætti alls ekki að tíunda í hafnalögum.
 - b) Umsýslugjald verði ófrávikjanlegur hluti einstakra tekjuliða án sérstakrar skilgreiningar.
 - c) Sleppa síðustu málsgreininni um að notendur geti krafist hafnarstjórnir upplýsinga um kostnað og svo framvegis. Búast má við því að einstakir viðskiptavinir geti haldið höfnum uppteknum við að framvísa útreikningum í tíma og ótíma, ef þeir eru þannig stemmdir. Til þess eru samkeppnisyfirvöld að hafa eftirlit með því að ekki sé svindlað á viðskiptavinunum, samanber texta í "Athugasemdum við lagafrumvarp þetta".
 - d) Bæta inn aftur síðustu málsgrein gildandi laga um heimild til að gera langtímasamninga við viðskiptavinum hafnanna, án takmarkana.
4. gr. Ekki athugasemdir.
5. gr. Ekki athugasemdir.
6. gr. Ekki athugasemdir.
7. gr. Ekki athugasemdir.

Breytingarnar sem lagðar eru til í frumvarpinu eru ágætar, svo langt sem þær ná. Enn er minnt á að einn tilgangur hafnalaganna 2003 var að setja hafnirnar í samkeppnisumhverfi og hvetja hafnir til hugmyndaauðgi og nýsköpunar. Þess vegna má ekki með hinni hendinni kæfa þessa viðleitni í fæðingu, með allt of stífum skilgreiningum, meðal annars um tekjustofna hafnanna.

Að lokum er rétt að benda á að lögveð það sem kveðið er á um í lögnum skilar sér illa til hafnanna. Oftar en ekki eru aðrar kröfur í skipin réttþærri lögveðskröfunum, svo ekkert fæst upp í þær við nauðungaruppboð.

Hafnarfjarðarhöfn leggur áherslu á að löggjafinn tryggji að hafnir sitji við sama borð varðandi rekstur hafnanna, burtséð frá rekstrarformi, þegar lög og reglur um hafnamál eru sett.

Virðingarfyllst, f.h. Hafnarfjarðarhafnar



Alþingi
Erindi nr. P 133/790
komudagur 5.2.2007

Samgöngunefnd

Á fundi hafnarstjórnar Ísafjarðarbæjar í dag 2 febrúar 2007 var tekið fyrir bréf frá samgöngunefnd Alþingis dagsett 17 janúar 2007 er varðar breytingar á hafnalögum nr. 61/2003. Bókun hafnarstjórnar er svohljóðandi:

Breytingar á hafnalögum nr. 61/2003

Erindi frá samgöngunefnd Alþingis dagsett 17 janúar 2007 er varðar framkomnar tillögur að breytingum á hafnalögum nr. 61/2003.

Hafnarstjórn Ísafjarðarbæjar gerir ekki athugasemdir við framkomnar tillögur að breytingum á hafnalögum nr. 61/2003 en beinir þeim tilmælum til samgöngunefndar að tekið verði tillit til hafna sem kljást við miklar framkvæmdir af vanefnum og gildistöku þess ákvæðis sem varðar ríkisstyrktar hafnaframkvæmdir frestist að minnstakosti til ársins 2010.

Þetta tilkynnist yður hér með.

Kveðja

Guðmundur M Kristjánsson
Hafnarstjóri

Samgöngunefnd Alþingis
b.t. Guðmundar Hallvarðssonar
formanns nefndarinnar
Austurstræti 8-10,
150 REYKJAVÍK

Reykjavík 17. janúar 2007

0611028HA BLB
Tilv.:613

Efni: Tillögur um breytingar á hafnalögum

Á fundi stjórnar Hafnasambands Íslands þann 12. janúar sl. var m.a. fjallað um eftirfarandi mál er varða hafnalög:

Lagt fram bréf Sambands íslenskra sveitarfélaga dags. 29. nóvember 2006 til samgöngunefndar Alþingis vegna óska sambandsins um að fresta gildistöku fyrri málsliðs 3. mgr. 18. gr. hafnalaga nr. 61/2003.

Umræddur málsliður hljóðar þannig:

„Rekstrarformi hafna skal breytt í höfn í eigu sveitarfélags án sérstakrar hafnarstjórnar þegar hún hefur haft neikvæðan rekstrarafgang í þrjú ár í röð að teknu tilliti til vaxta, en fyrir afskriftir.“

Stjórnin samþykkti að taka undir tillögu sambandsins um frestun á gildistöku ákvæðis í fyrri málslið 3. mgr. 18. gr. hafnalaga.

Lagt fram afrit af bréfi Stykkishólmsbæjar dags. 14. desember 2006 til samgöngunefndar Alþingis þar sem lagt er til að farþegagjöld verði flokkuð með öðrum hafnargjöldum en ekki aðgreind sem sérstakt gjald. *Stjórnin tekur undir tillöguna.*

Þetta tilkynnist hér með.

Virðingarfyllst
HAFNASAMBAND ÍSLANDS

Birgir L. Blöndal

HAFNASAMBAND SVEITARFÉLAGA

Alþingi

Erindi nr. **B** 133/772
komudagur 2.2.2007

Alþingi samgöngunefnd
b.t. Margrétar Maríu Grétarsdóttur
Austurstræti 8 - 10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík 31. janúar 2007

0701033HA BLB
Tilv.:613

Efni: Umsögn um breytingu á hafnalögum

Í bréfi samgöngunefndar Alþings dags. 17. janúar 2007 er óskað eftir umsögn um frumvarp til laga um breytingu á hafnalögum nr. 61/2003.


Hafnasambands Íslands hefur með bréfi dags. 17. janúar 2007 tekið undir tillögur um breytingar á hafnalögum frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga og Stykkishólmsbæ. Þær tillögur varða 17. og 18. grein laganna.

Hafnasamband Íslands telur mikilvægt að gildistöku fyrri málslið 3. mgr. 18. gr. hafnalaga verði frestað um þrjú ár og ákvæðið verði endurskoðað á tímabilinu miðað við þróun í rekstri hafna. Jafnframt er lögð áhersla á að ákvæði 24. greinar hafnalaganna verði endurskoðað síðar í ljósi reynslu af framkvæmd ákvæðisins en með framlengingu á styrkveitingum til hafna mun ekki reyna á efni ákvæðisins fyrr en eftir árið 2008. Miðað við erfiða fjárhagsstöðu smærri hafna og getu þeirra til að viðhalda mannvirkjum sínum telur Hafnasamband Íslands nauðsynlegt að taka þetta ákvæði til sérstakrar skoðunar.

Þá vill Hafnasambands Íslands koma þeirri tillögu á framfæri við samgöngunefnd Alþingis að í 21. grein hafnalaga verði bætt við ákvæði um að höfnum sé heimilt að óska eftir nauðungarsölu skips vegna vanskila á skipagjöldum án undanfarandi dóms, sáttar eða lögtaks. Í 21. grein hafnalaga eru skipagjöld tryggð með lögveðsrétti en uppboðsheimildina vantar. Rökin fyrir því ákvæði eru að höfnum hefur víða gengið erfiðlega að hefja innheimtuaðgerðir gagnvart óreiðuskipum og bátum sem ýmist eru án skráningar eða skráð erlendis. Erfitt hefur reynt að birta fyrir meintum eigendum nauðsynleg skjöl til að hefja innheimtuaðgerðir, en á meðan liggja óreiðuskipin í höfnum án þess að af þeim sé greitt. Bein uppboðsheimild myndi auðvelda höfnum að hefja innheimtu- og uppboðsferil skipa sem misnota aðstöðu í höfnum með þessum hætti og gefa hafnarstjórnnum betra færi á að koma bátum og skipum til förgunar sem annars eru almennur umhverfissóðaskapur auk þess að geta skapað raunverulega hættu í höfnum. Með vísan til framangreinds er því lagt til að í 21. grein hafnalaga bætist eftirfarandi ákvæði: "*Heimilt er að krefjast nauðungarsölu á skipum vegna vangreiddra skipagjalda án undangengis dóms, sáttar eða fjárnáms.*" Umrætt ákvæði er að mati Hafnasambands Íslands mikilvæg viðbót við hafnalög.

Virðingarfyllt

HAFNASAMBAND ÍSLANDS



Birgir L. Blöndal

Hjálagt:

Pingskjal 17 frá þingi hafnasambandsins 12. og 13. október 2006

HAFNASAMBAND SVEITARFÉLAGA

35. hafnasambandsþing
haldið á Hótel Höfn, Hornafirði
12. og 13. október 2006

Þingskjal 17

Álit allsherjarnefndar á endurskoðun hafnalaga og skýrslu endurskoðunarnefndar

Allsherjarnefnd fjallaði um skýrslu endurskoðunarnefndar. Nefndin fékk skýrsluna í hendur á fundinum og var að því leyti heldur vanbúin að fjalla um efni hennar á ítarlegan hátt.

Farið var yfir helstu atriði skýrslunnar og sérstaklega fjallað um endurskoðun hafnalaga. Fjallað var um 5. gr., 9. gr., 17. gr., 20. gr. og 24. gr.

Sérstaklega var dvalið við 17. gr. sem fjallar um gjaldtöku hafna og 24. gr. sem fjallar um ríkisstyrki til framkvæmda í höfnum.

Allsherjarnefnd taldi jákvætt að náðst hafi áfangi í skilgreiningum á gjaldtökuheimildum hafna og samkomulag um einföldun ákvæðisins. Niðurstaðan þarf hinsvegar að ná inn sem breyting á hafnalögum.

Þrátt fyrir þetta er brýnt að halda vakandi umræðu um efni 17. gr. og halda áfram að skilgreina gjaldtökuheimildir í ljósi síbreytilegra forsendna í rekstri hafna.

Endurskoðunarnefnd taldi ekki forsendur til að gera tillögu um breytingu á 24. gr. hafnalaga þar sem ekki hafi reynt á ákvæði greinarinnar. Í nefndinni komu fram þau sjónarmið að nauðsynlegt væri að halda áfram umræðu um efni greinarinnar og áhrif hennar á framtíð hafna.

Hafnasambandsþing haldið á Höfn í Hornafirði 12. og 13. október 2006 beinir þeirri ályktun til stjórnar Hafnasambands Íslands að halda vakandi umræðu um efni 17. gr. og 24. gr. hafnalaga og lítur á það sem nauðsynlegt verkefni Hafnasambandsins að fjalla um gjaldtöku hafna og skilgreiningu á ríkisstuðningi við hafnarframkvæmdir.

**Minnisatriði varðandi umsögn um
frumvarp til breytinga á hafnalögum.**

Hafnasamband Íslands:

1. Hí er sammála þeirri breytingu sem fyrirhuguð er á 17. grein hafnalaga varðandi gjaldtöku hafna og telur breytinguna til bóta.
2. Hí áréttar að nauðsynlegt er að taka 24. grein hafnalaga til sérstakrar skoðunar. Engin reynsla er komin á ákvæðið m.a. vegna lengingar á þeim tíma sem framkvæmdir njóta ríkisstyrks. Brýnt er með tilliti til smærri hafna að ákvæðið sæti sérstakri skoðun síðar.
3. Hí telur nauðsynlegt að hafnir fái beina uppboðsheimild á lögveðum sbr. 21. grein hafnalaga.
4. Hí tekur undir samþykkt stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga varðandi frestun ákvæðis 3.mgr. 18. greinar hafnalaga.
5. Hí er sammála þeirri ábendingu frá Stykkishólshöfn að ákvæði um farþegagjald verði hluti af hafnargjöldum sbr. 1. tölulið 17. greinar frumvarpsins.

Faxaflóahafnir sf.

1. Stjórn Faxaflóahafna sf. telur breytinguna við 17. grein hafnalaga til bóta og styður hana.
2. Af hálfu Faxaflóahafna sf. er talið eðlilegt að tekið sé tillit til arðsemi framkvæmda sbr. þá breytingu sem fyrirhuguð er varðandi 2. mgr. 20. geinar hafnalaga.
3. Stjórn Faxaflóahafna sf. leggur á það áherslu að í 21. grein hafnalaga verði kveðið á um beina uppboðsheimild vegna skipagjalda þar sem lögveð nýtist ekki í öllum tilvikum til að koma innheimtu gjalda af stað. Bein uppboðsheimild gerir höfnunum betur kleift að glíma við óreiðuskip með erlenda skráningu og koma í veg fyrir að slík skip liggi lengi í reiðileysi í höfnum landsins.

5. febrúar 2007
Gísli Gíslason.



HÚNAÞING VESTRA

KLAPPARSTÍG 4 - 530 HVAMMSTANGI
SÍMI: 455 2400 - FAX: 455 2409
KT. 540598-2829 - VSK. nr. 59022

Alþingi
Erindi nr. Þ 133/768
komudagur 2.2.2007

Hvammstanga 1. febrúar 2007

Samgöngunefnd Alþingis

Alþingi

150 Reykjavík.

Varðar: Umsögn um frumvarp til hafnalaga.

Sveitarstjórn Húnaþings vestra leggur áherslu á að við endurskoðun hafnalaga verði ákvæði 18. gr. laganna breytt á þann hátt að gildistöku fyrri málsliðar 3. mgr. verði frestað, þ.e. að „Rekstrarformi hafna skal breytt í höfn í eigu sveitarfélags án sérstakrar hafnarstjórnar þegar hún hefur haft neikvæðan rekstrarafgang í þrjú ár í röð að teknu tilliti til vaxta, en fyrir afskriftir.“

Greinargerð:

Sveitarstjórn Húnaþings vestra fer þess á leit við Samgöngunefnd Alþingis að frestun ofangreinds ákvæðis verði tekið til sérstakrar umfjöllunar við endurskoðun nágildandi hafnalaga. Það er álit sveitarstjórnar Húnaþings vestra að óbreytt framkvæmd þessa ákvæðis muni hafa mjög alvarlegar afleiðingar fyrir rekstur þeirra hafnar- og sveitarsjóða sem það tekur til.

Breytt rekstrarform mun m.a. hafa þær afleiðingar að rekstur og efnahagur þeirra hafna verður færður inn í sveitarsjóð sem leiðir til þess að rekstur og efnahagur sveitarsjóða getur versnað mjög verulega og ruglað allan fjárhagslegan samanburð milli sveitarfélaga. Jafnframt verður rekstur umræddra hafna færður út úr virðisaukaskattsumhverfinu sem gerir rekstur þeirra og fjárhag enn erfiðari. Brýnt er að hafnir verði reknar áfram í óbreyttu umhverfi og geti gegnt hutverki sínu fyrir atvinnulíf í landsbyggðinni. Þrátt fyrir rekstrarvanda einstakra hafnarsjóða bera hafnirnar sömu skyldur gagnvart sjófarendum og hjá því verður ekki litið að hafnir, stórar sem smáar, eru mikilvægur hluti af samgöngukerfi landsins.

Ofangreint tilkynnist hér með.

Virðingarfyllst,





Alþingi
Samgöngunefnd
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. Þ 133/758
komudagur 2.2.2007


LHG/15/9.6/JB
Reykjavík, 2. febrúar 2007

Vísað er til bréfs Alþingis dags. 17. janúar 2007, þar sem samgöngunefnd Alþingis sendi Landhelgisgæslu Íslands til umsagnar frumvarp til hafnalaga, 366. mál, gjaldskrár, neyðarhafnir, EES-reglur o.fl.

Landhelgisgæslan telur afar æskilegt að 3. gr. frumvarpsins verði breytt á þann hátt að varðskip og sjómælingaskip verði undanþegin hafnargjöldum. Skip stofnunarinnar koma við í mörgum höfnum vegna erinda, sem bæði heyra beint undir verksvið Landhelgisgæslunnar og sinna jafnframt ýmiss konar þjónustustörfum fyrir bæði opinbera aðila og einkaaðila. Stofnunin telur eðlilegt með tilliti til þessa að skip Landhelgisgæslunnar verði undanþegin þessum gjöldum.

Tekið skal fram að sambærileg undanþága var áður í hafnalögum. Í 2. mgr. 12. gr. hafnalaga nr. 45/1973 var tekið fram að m.a. íslensk varðskip skyldu vera undanþegin gjöldum. Landhelgisgæslunni er ekki kunnugt um, af hverju þessi undanþága var afnumin með lagasetningu síðar.

F.h. Landhelgisgæslu Íslands,



Jóhann Baldursson hdl.



Alþingi 3/7;
Erindi nr. Þ 133/770
komudagur 2.2.2007

LANDSSAMBAND
ÍSLENSKRA
ÚTVEGSMANNA

Borgartúni 35
105 Reykjavík
Sími: 591 0300
Fax: 591 0301
www.liu.is

Nefndasvið Alþingis,
v/samgöngunefndar,
Austurstræti 8-10,
150 Reykjavík.

nefnasvid@althingi.is

Reykjavík 2.2.2007.

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á hafnalögum nr. 61/2003.
Þskj. 398 — 366. mál.

Vísað er til bréfs samgöngunefndar þar sem okkur er sent ofangreint frumvarp til umsagnar.

Eins og fram kemur í greinargerð með frumvarpinu var það samið af nefnd sem undirritaður átti sæti í f.h. Landssambands íslenskra útvegsmanna. Eins og verða vill í störfum slíkra nefnda er afraksturinn á ýmsan hátt málamiðlun milli ólíklegra sjónarmiða. Frumvarpið er því ekki eins og við vildum helst sjá það, en þar sem við stóðum að gerð þess gerum við ekki tillögur um breytingar á því á þessum vettvangi. Hyggist samgöngunefnd á hinn bóginn leggja til breytingar á því þætti okkur vænt um að fá tækifæri til að tjá okkur um þær.

Virðingarfyllst,

f.h. Landssambands íslenskra útvegsmanna

Friðrik J. Arngrímsson framkvæmdastjóri



Alþingi
Erindi nr. P 133/785
komudagur 5.2.2007

Reykjavík 2. febrúar 2007

Samgöngunefnd Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

**Varðar: Frumvarp til laga um breytingar á hafnalögum 366. mál 133.
löggjafarþings**

Í bréfi dagsettu 17. janúar er óskað umsagnar Óliudreifingar ehf. á frumvarpi til laga um breytingu á hafnalögum nr 61/2003.

Um er að ræða breytingar varðandi neyðarhafnir og gjaldtöku. Gerir félagið engar athugasemdir við þau ákvæði er varða neyðarhafnir en félagið gerir athugasemdir við þær breytingar sem varða gjaldtöku og mótmælir þeim harðlega, enda geta þær vart staðist ákvæði 40 gr Stjórnarskrár Lýðveldisins Íslands .

Markmið breytinga á 17. og 20. gr. virðist vera að rýmka gjaldheimildir hafna á kostnað notenda og þá sérstaklega þeirra hafna sem formlega eru ekki lengur í opinberum rekstri í skilningi laganna, þrátt fyrir að þær séu í eigu opinberra aðila og því í raun í opinberum rekstri. Erfitt er að sjá annað en að verið sé að leggja til að stjórnir hafna í opinberri eigu sem valið hafa sér rekstrarform skv 3ja tölulið 8. gr laganna sé gefin nánast ótakmörkuð heimild til gjaldtöku, óháð þeim kostnaði sem þeim gjöldunum er ætlað að standa straum af og því gefin heimild til skattheimtu án sérstakrar lagaheimildar, ef gjöldin eru hærri en kostnaður hafnarinnar við að veita viðkomandi þjónustu. Er það andstætt 40. gr stjórnarskrárinnar.

Reynsla Óliudreifingar sem þjónustukaupa hafna um allt land af nýfengnu sjálfstæði hafna landsins til gjaldtöku með nýjum hafnalögum er afar misjöfn. Svo virðist sem þær hafnir, sem virðast telja sig vera í aðstöðu til slíks, hækki gjaldskrár verulega á þá sem hafa komið sér upp fastri aðstöðu við hafnirnar og ekki geta leitað annað með þjónustukaup en lækki gjaldskrár til þeirra sem ekki eru bundnir viðkomandi höfnum vistarböndum. Óliudreifing mótmælir því að gerðar verði breytingar í átt til rýmkunar á heimildum hafnanna til slíkrar gjaldtöku.

Atriði er varða 3 gr, breytingar á 17. gr.

Óliudreifing gerir athugasemd við að leigugjald fyrir svæði til lestunar og losunar vöru skuli vera fellt undir hafnargjöld þar sem þarfir notenda hafnanna til slíkrar þjónustu eru afar mismunandi eftir því hvaða farm um ræðir. Eðlilegra væri að fella þessa starfsemi undir lið 4, þ.e. leigugjald fyrir afnot af mannvirkjum og tækjum hafnarinnar, enda um að ræða aðstöðu sem hafnirnar koma sér upp til að leigja þeim sem á henni þurfa að halda.

Atriði er varða 4. gr, breytingar á 20. gr.

Breytingin lýtur að reglum um gjaldtöku sem hafnir sem ekki eru í opinberum rekstri lúta. Í stað þess að gjaldtakan sé takmörkuð við að standa undir þeirri þjónustu sem veitt er, ásamt hlutdeild í sameiginlegum kostnaði er bætt við að stofnkostnaði og kostnaði við viðhald hafnarinnar og má skilja á greininni að hér sé átt við allan viðhalds og

Óliudreifing ehf

Pósthólf 4230 · 128 Reykjavík · Sími 550 9900 · Fax 550 9999



stofnkostnað sem skilgreindur er undir viðkomandi hafnarfyrirtæki en ekki eingöngu þann stofn- og viðhaldskostnað sem tengist viðkomandi þjónustu. Olíudreifing gerir athugasemd við þetta orðalag og leggur til að því verði breytt þannig að hún orðist svo:

“Gjaldtaka hafnar samkvæmt þessum kafla skal miðuð við að hún standi undir kostnaði við þá þjónustu, þ.m.t. stofnkostnaði og viðhaldskostnaði, sem veitt er ásamt hlutdeild í sameiginlegum rekstri hafnarinnar. “

Olíudreifing mótmælir því að réttur notenda til upplýsinga um kostnað við þjónustu og eðlilegra sundurliðun gjalda sé felldur niður.

Það er mat Olíudreifingar að þessi grein opni að óbreyttu gjaldtökuheimildir hafna sem ekki teljast í opinberum rekstri upp á gátt, sem leiðir til þess að eigendur þeirra sem þó flestir eru opinberir aðilar taki til sín skatt af þeim vörum sem um þær fara í krafti einokunarstöðu til uppbyggingar annarra ótengdra mannvirkja á þeim landsvæðum sveitarfélaganna sem skilgreindar eru sem hafnarsvæði og eiga að greiðast úr öðrum sjóðum.

Virðingarfyllst,
f.h. Olíudreifingar ehf.

Hörður Gunnarsson, framkvæmdastjóri

Alþingi
Erindi nr. P 133/997
komudagur 16.2.2007

15.2.2007

Samgöngunefnd Alþingis

Varðandi umsagnir við frumvörp til hafnarlaga, 366. mál og áhafnir íslenskra fiskiskipa, varðskipa, skemmtibáta og annarra skipa, 385 mál, mótttekið í bréfi dagsett 17. janúar 2007.

Rannsóknarnefnd sjóslysa gerir ekki athugasemdir fyrir sitt leyti við þessi frumvörp.

Góðfúslega afsakið að viðbrögð okkar skuli ekki hafa skilað sér á tilsettum tíma.

Með kveðju,
Jón A. Ingólfsson
forstöðumaður
Rannsóknarnefndar sjóslysa

Alþingi
Erindi nr. Þ 133/786
komudagur 5.2.2007



REYKJANESHÖFN

Reykjanesbær, 01. Febrúar 2007.

Nefndasvið Alþingis,
Austurstræti 8-10,
150 Reykjavík.

Efni: Umsögn um frumvarp til hafnalaga, 366. mál, gjaldskrár, neyðarhafnir, EES-reglur ofl.

Á 56. fundi stjórnar Reykjaneshafnar þann 29. janúar 2007 var tekið fyrir bréf yðar dags. 17. janúar 2007 og eftirfarandi bókun samþykkt:


Stjórnin fagnar þeim breytingum sem fyrirhugaðar eru í frumvarpinu, sérstaklega 17. grein um innheimtu hafnargjalda, en finnst þó upptalning gjalda takmarkandi, og þyrfti í því tilfalli að heimila gjaldtöku á öllum gjöldum er tengdust hafnsækinni starfsemi.

Stjórnin óskar eftir að b) lið verði sleppt, þar sem önnur stjórnsýslu- og upplýsingalög ná yfir þessa upplýsingaskyldu.

Að lokum óskast 18.gr. endurskoðuð og breytt þannig að fjölda ára í taprekstri verði 5 ár frá gildistöku lagabreytingarinnar.

Með vinsemd og virðingu,
f.h. stjórnar Reykjaneshafnar,


Pétur Jóhannsson, Hamarstjóri.



Alþingi
Erindi nr. P 133/407
komudagur 30.11.2006

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Samgöngunefnd Alþingis
b.t. Guðmundar Hallvarðssonar
formaður nefndarinnar
Austurstræti 8–10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík 29. nóvember 2006

0610332SA ÞS
Tilv.: 205

Efni: Ósk um breytingu á hafnalögum

Sambandi íslenskra sveitarfélaga er kunnugt um að nú er til meðferðar á Alþingi frumvarp til laga um breytingu á hafnalögum nr. 61/2003, þskj. 398 – 366. mál.


Sambandið leggur til að jafnhliða þeim breytingum á gildandi hafnalögum sem fram koma í frumvarpinu verði einnig gerð á þeim eftirfarandi breyting:

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða svohljóðandi: Fyrri málslíður þriðju málsgreinar 18. gr. kemur til framkvæmda 1. janúar 2010.

Umræddur málslíður hljóðar svo: *Rekstrarformi hafna skal breytt í höfn í eigu sveitarfélags án sérstakrar hafnarstjórnar þegar hún hefur haft neikvæðan rekstrarafgang í þrjú ár í röð að teknu tilliti til vaxta, en fyrir afskriftir.*

Að óbreyttu á þetta ákvæði að koma til framkvæmda um n.k. áramót og hefur Siglingamálstofnun nú skrifað hlutaðeigandi sveitarfélögum og áréttað að það skuli gert. Það hefur þær afleiðingar að rekstur og efnahagur hafnanna verður færður inn í sveitarsjóð sem leiðir til þess að rekstur og efnahagur sveitarsjóðanna versnar verulega og ruglar allan fjárhagslegan samanburð milli sveitarfélaga. Jafnframt verða hlutaðeigandi hafnir færðar út úr virðisaukaskattsumhverfinu sem gerir rekstur þeirra og fjárhag enn erfiðari.

Samkvæmt yfirliti Siglingamálstofnunar um rekstur hafna á árunum 2002–2005 kemur fram að grípa þarf til aðgerða (væntanlega niðurlagningar sérstakra hafnarsjóða) í sex höfnum og sjö aðrar eru í sérstakri skoðun. Ljóst er af yfirlitinu að þar til viðbótar fer rekstur nokkurra hafna mjög versnandi og verði ekki breyting þar á má leiða líkur að því að þær bætist innan skamms tíma í hóp þeirra hafna þar sem grípa þarf til aðgerða. Í flestum tilvikum er um að ræða byggðavanda. Orsaka vandans má leita í ýmsum ófyrirséðum breytingum, svo sem samdrætti í löndun á afla og sjóflutningum. Jafnframt eru þær hafnir sem um ræðir flestar í sveitarfélögum sem búa við þrönga fjárhagsstöðu vegna ýmissa utanaðkomandi breytinga svo sem margvíslegum samdrætti og íbúafækkunar.



SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Sambandið hefur vitneskju um að á vegum samgönguráðuneytisins og Hafnabótasjóðs standi til að hefja innan skamms sérstaka skoðun á þeim höfnum sem eiga í mestum fjárhagsvanda og hvernig á þeim vanda verði tekið. Einnig af þeirri ástæðu er rétt að fresta því að fyrri málsliður þriðju málsgreinar 18. gr. hafnalaga komi til framkvæmda um næstu áramót.

Efnisleg umsögn um frumvarpið verður send síðar ef ástæða þykir til.

Virðingarfyllt
SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Þórður Skúlason
framkvæmdastjóri

Afrit:
Samgönguráðherra,
Hafnasamband Íslands,
Siglingamálstofnun.



Alþingi
Erindi nr. P 133/803
komudagur 5.2.2007

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Alþingi samgöngunefnd
b.t. Margrétar M. Grétarsdóttur

Reykjavík 2. febrúar 2007

Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

0701496SA JF
Tilv.: 205

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á hafnalögum

Með bréfi samgöngunefndar Alþingis dags. 17. janúar 2007 barst Sambandi Íslenskra sveitarfélaga til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á hafnalögum, 366. mál, gjaldskrár, neyðarhafnir, EES- reglur o.fl.

Sambandið sendi athugasemdir við frumvarpið með bréfi dags. 29. nóvember 2006 og ítrekar hér með það sem þar kemur fram.

Telur sambandið mikilvægt að við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða svohljóðandi: Fyrri málslíður þriðju málsgreinar 18. gr. kemur til framkvæmda 1. janúar 2010.

Umræddur málslíður hljóðar svo: *Rekstrarformi hafna skal breytt í höfn í eigu sveitarfélags án sérstakrar hafnarstjórnar þegar hún hefur haft neikvæðan rekstrarafgang í þrjú ár í röð að teknu tilliti til vaxta, en fyrir afskriftir.*


Sambandinu er ljóst að á vegum Samgönguráðuneytisins og Hafnabótasjóðs stendur til að hefja sérstaka skoðun á þeim höfnum sem eiga í mestum fjárhagsvanda og hvernig á þeim vanda verði tekið. Með hliðsjón af því og með vísan til þess er fram kemur í bréfi sambandsins til samgöngunefndar dags. 29. nóvember 2006 telur sambandið nauðsynlegt að fresta gildistöku umrædds ákvæðis til ársins 2010.

Virðingarfyllst

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Sigurður Óli Kolbeinsson
Sviðsstjóri lögfræðisviðs

Alþingi
Erindi nr. P 133/841
komudagur 8.2.2007



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
b.t. samgöngunefndar
Alþingi
150 Reykjavík

jhm/ss

7. febrúar 2007

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á hafnalögum nr. 61/2003. Þskj. 398 - 366. mál.

Samtök atvinnulífsins lýsa stuðningi við umsögn Landssambands íslenskra útvegsmanna frá 2. febrúar 2007 með þeim fyrirvara sem þar er gerður.

Virðingarfyllst,

Samtök atvinnulífsins

Jón H. Magnússon



Alþingi
Erindi nr. P 133/1348

Samdagar 2.3.2007
SI

Samtök iðnaðarins



SAMTÖK
ATVINNULÍFSINS

Alþingi
Samgöngunefnd Alþingis
Austurstræti 8-10

150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 1. mars 2007

Efni: Nefndarálit samgöngunefndar um frv. til laga um breytingar á hafnalögum

Samtökum iðnaðarins og Samtökum atvinnulífsins hefur borist nefndarálit samgöngu-nefndar til breytinga á hafnalögum nr. 61/2003 (þskj. 997-998 – 366. mál). Þar kemur m.a. fram að nefndin leggur til að bætt verði við frumvarpið nýrri grein þar sem mælt er fyrir um heimild hafnarbótasjóðs til að bæta tjón á upptökumannvirkjum með sama hætti og gildi um önnur hafnarmannvirki. Í tillögu nefndarinnar er ítrekað að þetta gildi einvörðungu um slík mannvirki í eigu opinberra aðila eða sveitarfélaga og þá því aðeins að þau hafi áður verið byggð með ríkisstyrk. Þó er tekið fram að bætur geti einungis tekið mið af endurbyggingarverði þess mannvirkis sem fyrir hendi var áður en til tjóns kom og að það verði ekki afkastameira eftir endurnýjun.

Samtökin vilja vinsamlega benda nefndinni á að samkvæmt ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA) nr. 51/97/COL frá 19. mars 1997 ber að tilkynna fyrirfram til ESA hvers kyns áform um ríkisaðstoð við upptökumannvirki fyrir skip á grundvelli hafnalaga og er ekki leyfilegt að hrinda þeim í framkvæmd með því að veita heimild til greiðslu ríkisstyrks fyrr en stofnunin hefur samþykkt þau. Þessi skilningur var staðfestur af íslenskum stjórnvöldum sbr. ákvörðun ESA nr. 122/99/COL frá 9. júní 1999 og bréf fjármálaráðuneytis og samgönguráðuneytis til ESA frá 9. febrúar 1999.

Með hliðsjón af þessu vekja samtökin athygli nefndarinnar á því að þeir sem eiga hagsmuna að gæta geta augljóslega krafist þess að stjórnvöld virði umrætt skilyrði og að ríkisaðstoð verði ekki heimiluð sem fari í bága við ríkisstyrkjaákvæði EES-samningsins. Samtökin telja að ekki sé nægjanlegt að skjóta inn skilyrði um að afkastageta þeirra upptökumannvirkja sem styrkt eru á ný vegna tjóns aukist ekki. Samkvæmt frumvarpinu mun aðstoðin aðeins standa til boða opinberum aðilum og verður ekki veitt einkaaðilum. Verði það samþykkt munu lögin því augljóslega raska samkeppni á markaði skipaiðnaðarfyrirtækja umfram það sem væri ef öllum markaðsaðilum stæði hún til boða. Þessi hlið málsins er einnig dregin fram í fyrrnefndri ákvörðun ESA frá árinu 1997. Af þessu leiðir að ekkert bendir til að ESA geti fallist á þá ríkisstyrki sem frumvarpið gerir ráð fyrir.

Sú staðreynd að með umræddri breytingartillögu er aðilum á innlendum markaði mismunað þýðir auk þess að hún er andstæð markmiði samkeppnislaga nr. 44/2005, sbr. 1. grein, og felur í sér alvarlega samkeppnisröskun, sbr. b-lið 1. mgr. 16. gr. og 18. gr. laganna. Er það því sjálfsgöð krafa að þingnefndin leiti álits samkeppnisyfirvalda á umræddu ákvæði áður en það yrði leitt í lög.

Samtök iðnaðarins

Ingólfur Sverrisson

Samtök atvinnulífsins

Guðlaugur Stefánsson

Alþingi
Erindi nr. P 133/1093
komudagur 20.2.2007

Siglingastofnun
19.10.2006 GH

Yfirlit um gjaldskrá hafna *Uppfært í Október 2006*

Samkvæmt hafnarlögum nr. 61 frá 2003 fluttist gjaldtökuákvæðanir til hafna árið 2004. Siglingastofnun Íslands ber á engan hátt ábyrgð á gjaldskrám viðkomandi hafna og eru þær birtar með fyrirvara um innsláttarvillur.

Tök gildi	Hafnarfjörður 1.júl.06	Kópavogshafnir 28.feb.06	Faxaflóahafnir 1.jan.06	Snæfellsbær 1.júl.03	Grundarfjörður 1.jan.06
Hafnargjöld					
Lestagjald á tonn háam x 2	10,22	8,16	10,00	7,40	8,10
Bryggjugjald 24 tím.	4,66	3,75	4,60	4,32	3,60
Mánaðargjald	67,35	60,00	65,00	48,40	53,20
Mánaðargjald lágmark	7.293,00	6.500,00	7.100,00	5.286,00	7.100,00
Báta minni en 20 bt	4.330,00	3.850,00	4.200,00	3.459,00	3.810,00
Vörugjöld					
1. Fl. hvert tonn	191,00	152,00	185,60	138,80	168,00
2. Fl. hvert tonn		185,00	227,10	267,20	323,00
3. Fl. hvert tonn	398,00	371,00	385,70	288,50	349,00
4. Fl. hvert tonn	1.100,00	869,00	1.063,20		
5. Fl. aflagjald %	1,28%	1,28%	1,30%	1,60%	1,28%
Hámark pr. tonn	4.000,00	4.000,00	4.330,00	3.000,00	3.000,00
Lágmark í öllum fl.	150,00	135,00	146,00	109,00	109,00

Tök gildi	Stykkishólmur 31.júl.06	Vesturbyggð 26.mar.06	Talknafjörður 1.jan.04	Bolungarvík 1.jún.06	Ísafjörður 15.des.05
Hafnargjöld					
Lestagjald á tonn háam x 2	8,50	8,50	7,40	8,50	9,65
Bryggjugjald 24 tím.	4,10	4,20	3,60	4,20	4,60
Mánaðargjald	48,40	55,70	48,40	55,70	64,10
Mánaðargjald lágmark	6.150,00	3.975,00	3.459,00	3.975,00	7.152,00
Báta minni en 20 bt	4.000,00	5.950,00	5.286,00	5.950,00	4.665,00
Vörugjöld					
1. Fl. hvert tonn	185,00	173,00	138,80	182,00	181,82
2. Fl. hvert tonn	227,00	330,00	267,20	350,00	350,09
3. Fl. hvert tonn	385,00	355,00	288,50	378,00	378,05
4. Fl. hvert tonn					
5. Fl. aflagjald %	1,60%	1,60%	1,60%	1,60%	1,40%
Hámark pr. tonn	3.470,00	4.000,00	3.000,00	3.931,00	3.931,00
Lágmark í öllum fl.	126,00	130,00	109,00	142,00	142,00

Tök gildi	Súðavík 1.sep.06	Drangsnæs 1.júl.03	Húnaþing vest. 1.jan.05	Blönduós 1.júl.03	Skagaströnd 1.sep.05
Hafnargjöld					
Lestagjald á tonn háam x 2	7,70	7,40	7,65	5,92	9,00
Bryggjugjald 24 tím.	3,80	3,60	3,80	5,76	5,80
Mánaðargjald	50,00	48,40	50,00		48,4
Mánaðargjald lágmark	5.498,00	5.286,00	5.470,00	4.229,00	5.286,00
Báta minni en 20 bt	3.597,00	3.459,00	3.580,00	2.767,00	3.500,00
Vörugjöld					
1. Fl. hvert tonn	144,00		143,60	138,80	160,00
2. Fl. hvert tonn	278,00		276,50	267,20	300,00
3. Fl. hvert tonn	300,00		298,60	288,50	320,00
4. Fl. hvert tonn	600,00				
4. Fl. aflagjald %	1,28%	1,60%	1,60%	1,28%	1,60%
Hámark pr. tonn	3.105,00		3.105,00		
Lágmark í öllum fl.	113,00		112,00		130,00

Tök gildi	Skagafjörður 9.feb.06	Siglufjörður 31.jan.06	Hafnas. Eyjaf. 1.mai.06	Grimsey 1.jan.05	Hafnas. Nor. 1.jan.06
Hafnargjöld					
Lestagjald á tonn hám x 2	9,49	8,95	9,00	7,40	9,65
Bryggjugjald 24 tím.	4,33	4,35	4,50	4,32	4,60
Mánaðargjald	52,9	58,6			63,00
Mánaðargjald lágmark	5.780,00	6.396,00	5.100,00	5.286,00	6.700,00
Báta minni en 20 bt	4.540,00	4.185,00	3.600,00	3.459,00	4.315,00
Vörugjöld			4.300,00		
1. Fl. hvert tonn	174,47	183,25	170,00	138,80	175,00
2. Fl. hvert tonn	319,88	323,30	321,00	267,20	299,00
3. Fl. hvert tonn	362,65	349,00	350,00	288,50	370,00
4. Fl. hvert tonn					1.015,00
5. Fl. aflagjald %	1,60%	1,40%	1,28%	1,60%	1,28
Hámark pr. tonn	4.164,00	3.300,00	3.000,00		
Lágmark í öllum fl.	120,00	132,00			140,00

Tök gildi	Húsavík 1.jan.06	Raufarhöfn 1.jul.04	Langanes 19.sep.06	Vopnafjörður 14.okt.04	Borgarfjörður 16.águ.05
Hafnargjöld					
Lestagjald á tonn hám x 2	8,80	8,88	7,40	7,40	7,40
Bryggjugjald 24 tím.	2,20	4,00	3,60	3,60	3,60
Mánaðargjald	58,00	50,82	48,40	48,40	48,40
Mánaðargjald lágmark	6.700,00	5.550,00	5.500,00	5.286,00	
Báta minni en 20 bt	4.100,00	3.632,00	3.500,00	3.459,00	3.459,00
Vörugjöld					
1. Fl. hvert tonn	197,00	182,20	190,00	173,50	138,80
2. Fl. hvert tonn	380,00	350,70	367,00	334,00	
3. Fl. hvert tonn	410,00	378,65	397,00	360,60	
4. Fl. hvert tonn					
5. Fl. aflagjald %	1,60%	1,60%	1,60%	1,30%	1,60%
Hámark pr. tonn	3.120,00	3.000,00	3.000,00	3.000,00	
Lágmark í öllum fl.	114,00	109,00	109,00	109,00	

Tök gildi	Seyðisfjörður 1.jan.06	Fjarðabyggð 1.feb.06	Beiðdalsvík 24.jan.06	Djúpivogur 1.jan.06	Hornafjörður 19.jan.06
Hafnargjöld					
Lestagjald á tonn hám x 2	8,20	7,65	7,62	7,70	8,81
Bryggjugjald 24 tím.	4,00	3,72	3,70	3,80	4,92
Mánaðargjald	53,00	50,10	49,85	49,40	55,10
Mánaðargjald lágmark		5.471,00	5.445,00	5.471,00	6.019,00
Báta minni en 20 bt	3.700,00	3.580,00	3.872,00	3.580,00	3.938,00
Vörugjöld					
1. Fl. hvert tonn	150,00	143,65	178,70	143,70	177,42
2. Fl. hvert tonn	290,00	276,50	344,00	276,60	341,55
3. Fl. hvert tonn	310,00	298,60	371,40	298,60	368,77
4. Fl. hvert tonn		600,00			
5. Fl. aflagjald %	1,60%	1,28%	1,28%	1,40%	1,60%
Hámark pr. tonn		3.105,00	3.000,00	3.105,00	3.835,00
Lágmark í öllum fl.		112,80	112,30	113,00	139,33

Torgur	Múttisalanngöngu 1.jan.06	Þurflíkshöfn 1.jan.06	Grindavík 1.jan.06	Sandgerði 1.jan.06	Reykjaneshöfn 5.jan.06
Hafnargjöld					
Lestargjald á tonn hárn x 2	8,13	8,20	8,11	7,70	9,60
Bryggjulgjald 24 tím	4,40	4,85	4,16	4,50	4,50
Mánaðargjald	53,36		57,20	58,24	63,00
Mánaðargjald lágmark	5.828,00	5.900,00	6.240,00	6.448,00	6.760,00
Báta minni en 20 bt	3.614,00	3.900,00	3.900,00	4.060,00	4.160,00
Vörugjöld					
1. Fl. hvert tonn	191,30	109,30	180,50	173,50	190,30
2. Fl. hvert tonn	368,20	218,60	347,40	334,00	367,00
3. Fl. hvert tonn	397,60	350,70	375,40	361,00	385,70
4. Fl. hvert tonn		454,40	1.003,60	965,00	1.060,00
5. Fl. aflagjald %	1,28%	1,28%	1,28%	1,28%	1,28%
Hámark pr. tonn	2.400,00		4.160,00	4.000,00	4.368,00
Lágmark í öllum fl.	149,00		136,00	140,00	146,00



SIGLINGASTOFNUN

Alþingi
Erindi nr. P 133/735
komudagur 23.1.2007

Alþingi
samgöngunefnd
Við Austurvöll
105 Reykjavík

Kópavogi, 20.01.2007

Tilv. 023

HJ

Efni: Frv. til laga um breytingu á hafnalögum, nr. 61/2003, 366. mál.


Siglingastofnun vísar til bréfs samgöngunefndar dags. 17. janúar 2007, þar sem ofanefnt frumvarp er sent til umsagnar Siglingastofnunar.

Frumvarp þetta var samið í nánú samstarfi samgönguráðuneytis og Siglingastofnunar Íslands og gerir stofnunin því ekki athugasemdir við efni frumvarpsins.

Virðingarfyllt,
F. h. Siglingastofnun Íslands,

Hermann Guðjónsson,
siglingamálastjóri

Alþingi
Erindi nr. P 133/788
komudagur 5.2.2007



SJÓMANNASAMBAND ÍSLANDS

Sætúni 1 · 105 Reykjavík · Sími 561 0769 · Símbref 561 0774


Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 2. febrúar 2007.

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á hafnarlögum, nr. 61/2003, 366.mál.

Sjómannasamband Íslands hefur fengið til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á hafnarlögum, nr. 61/2003. Sjómannasamband Íslands gerir ekki athugasemd við frumvarpið.

f.h. Sjómannasambands Íslands,


Hólmgeir Jónsson

Alþingi
Eriandi nr. P 133/787
komudagur 5.2.2007



Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík

Reykjavík 1. feb. 2007

Efni: frumvarp um breytingu á hafnalögum, nr. 61/2003

Við þökkum móttekið bréf samgöngunefndar Alþingis dags. 17. jan. sl. þar sem óskað er umsagnar SVP – Samtaka verslunar og þjónustu við ofangreint frumvarp. SVP gera ekki efnislegar athugasemdir við umrætt frumvarp.

Virðingarfyllt

SVP – Samtök verslunar og þjónustu

Sigrún Sigurðardóttir

Alþingi
Erindi nr. P 133/1116
komudagur 20. 2. 2007



Nefndasvið Alþingis
Samgöngunefnd
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 19. febrúar 2007

Efni: 2. umsögn SVP um breytingu á hafnalögum - mál 366.

Með bréfi þessu er gefin 2.umsögn við framkomið frumvarp til laga um breytingu á hafnalögum nr. 61/2003, en breytingin snýr að neyðarhöfnum og gjaldtöku. Í fyrri umsögn voru ekki gerðar athugasemdir við frumvarpið, en við ítarlegri yfirferð þykir ástæða til að senda inn umsögn og byggist hún fyrst og fremst á því að fylgja eftir álitum umboðsmanns Alþingis nr. 4298/2004. Þar eru atriði sem mikilvægt er að fylgja eftir og vekja athygli Alþingis á.

Með núgildandi hafnalögum, nr. 61/2003 var fyrst og fremst stefnt að því að stuðla að aukinni samkeppni og færa rekstur og umhverfi hafna nær öðrum atvinnurekstri. Því miður er margt sem bendir til að löggin hafi haft þveröfug áhrif. Margt bendir til þess að löggin hafi orðið til þess að lögleiða einokun ákveðinna hafna gagnvart tilteknum viðskiptavinum sínum sem ekki geta leitað annað eftir þjónustu. Þetta er beinlínis gagnstætt markmiðum laganna um að stuðla að aukinni samkeppni. Til áréttingar þessu atriði er meðfylgjandi dæmi um gjaldskrár sex hafna gagnvart olúfélögum pr. tonn.

Höfn	Fl.	Vörugjald á olíu pr tonn fyrir síðustu breytingu 12. des. 2006	% hærra en lægsta verð sem er á ESK	Vörugjald í næsta flokki pr tonn
RVK	2	227,10	51%	185,60
VEY	1	191,30	28%	368,20
ÍSF	1	182,82	21%	350,09
AEY	1	175,00	17%	299,00
SEY	1	150,00	4%	290,00
ESK	1	143,65		276,55

Eins og sjá má eru Faxaflóahafnir með langhæsta verðið eða 51% herra verð pr. tonn en Eskifjarðarhöfn svo dæmi sé tekið. Eyjagarður er sjálfstætt mannvirki sem þjónar bara olíufélögunum og þau geta ekki leitað neitt annað eftir þessari þjónustu. Vakin er athygli á því að eina höfnin sem setur olíu í vörugjaldaflokk 2 eru Faxaflóahafnir. Gríðarlegar hækkanir hafa orðið á gjaldskrá Faxaflóahafna frá árinu 2003 eða frá þeim tíma sem lögunum var ætlað að tryggja samkeppni. Hver er ástæða þess að Faxaflóahafnir eru eftir setningu laganna langdýrasta höfn landsins í tilteknum flokkum? Getur verið verðið sé svona hátt vegna þess að sú þjónusta sem höfnin býður upp á er ekki hægt að fá annars staðar?


Vakin er sérstök athygli á álitum Umboðsmanns Alþingis nr. 4298/2004. Umboðsmaður taldi ástæðu til að senda Samkeppniseftirlitinu álit sitt til kynningar. Því er ástæða til að spyrja hvort að ekki sé þörf á að samgöngunefnd geri þá kröfu að Samkeppniseftirlitið taki rekstrarumhverfi hafna til sérstakrar skoðunar í tengslum við þetta lagafrumvarp? Vakin er athygli á því að þegar þessi umsögn er rituð hefur Samkeppniseftirlitið ekki lagt fram umsögn um lagafrumvarp þetta.

Í fyrrnefndu álitum umboðsmanns taldi umboðsmaður jafnframt ástæðu til að beina þeim tilmælum til ráðherra að athugað yrði hjá þeim höfnum sem enn væru í eigu sveitarfélaga og reknar af þeim, hvort lagður hafi verið sá grundvöllur að gildandi gjaldskrá er leiddi af ákvæðum hafnalaga og almennum reglum um ákvörðun og töku þjónustugjalda vegna opinbers reksturs. Að lokum beindi umboðsmaður þeim tilmælum til ráðherra að taka til athugunar hvort þörf væri á endurskoðun 17. gr. hafnalaga, einkum með það í huga að skýrar yrði greint á milli þeirra kostnaðarliða sem tekjur af einstökum gjöldum ættu að standa undir. Í þessu sambandi gera SVÞ athugasemd við það sem fram kemur í 1.mgr athugasemda frumvarpsins um 3.gr. þar sem segir: “Gjaldtakan skal því standa straum af þeim kostnaði sem fellur til vegna þessara þátta **og er heimilt að nota hvaða kostnaðarlið sem undir hafnargjaldið fellur í því skyni.**” Það er mikilvægt að hver hinna fjögurra skilgreindu gjaldaliða (a-d) sem mynda hafnargjald sbr. 3.gr frumvarpsins verði að endurspegla raunkostnað viðkomandi hafnar og ekki fela í sér annan kostnað.

Skorað er á samgöngunefnd að áður en frumvarpið er afgreitt úr nefndinni verði álitum umboðsmanns fylgt eftir. Kallað verði eftir niðurstöðu ráðherra varðandi ofangreind atriði og að auki verði kallað eftir álitum samkeppnisstofnunar á rekstrarumhverfi hafna eftir lagabreytinguna, þ.e. hvort að markmið laganna að auka samkeppni hafi náðst. SVÞ telja mikilvægt að löggjöfin stuðli raunverulega að aukinni samkeppni í rekstri hafna. Því er mikilvægt að skoða hvort að svo hafi verið með setningu laga nr. 61/2003.

Virðingarfyllst,

Signý Sigurðardóttir
Forstöðumaður flutningasviðs




Alþingi
Ærindi nr. Þ 133/209
komudagur 2.2.2007

Vestmannaeyjum 30.01.2007

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Stjórn Vestmannaeyjahafnar hefur kynnt sér frumvarp til hafnalaga, 366 mál, gjaldskrár, neyðarhafnir, EES-reglur o.fl.
Stjórnin er samþykkt frumvarpinu og gerir ekki athugasemdir við það.

Virðingarfyllt
f.h. Vestmannaeyjahafnar



Ólafur M. Kristinsson, hafnarstjóri.